

24

15. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944.

35. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, kornvara, síld og sykur.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Saltfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg:
Nýr fiskur afhausaður, oliur, járn, lýsi, fiskimjöl, sildarmjöl og tilbúinn áburður.
4. flokkur. Gjald 85 aurar fyrir hver 100 kg:
Freðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 130 aurar fyrir hver 100 kg:
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 12 aurar fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur og aðrar umbúðir.
9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip.
10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur til þess að öðlast þegar gildi og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður 3. gr. auglýsingar nr. 137 22. október 1946, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.